



Katrín tekur við af Þorgerði Katrínú

Katrín Jakobsdóttir nýr menntamálaráðherra

Katrín Jakobsdóttir tók við embætti menntamálaráðherra 1. febrúar af Þorgerði Katrínú Gunnarsdóttur sem hafði gegnt embættinu frá 1. janúar 2004.

- Nánari upplýsingar um Katrínú má nálgast á [vef ráðuneytisins](#).
- [Verkefnaskrá ríkisstjórnar](#) Samfylkingar og Vinstri grænna 2009.

Gegnsæi og jafnt aðgengi að upplýsingum

Ný framhaldsskólalög gera ráð fyrir að gerð námsbrautarlýsinga færist frá menntamálaráðuneyti til framhaldsskólanna. Það þýðir að skólunum er falinn eiginleg tillögugerð um fyrirkomulag, samhengi og inntak náms. Í [greinargerð með lagafrumvarpinu](#) kemur m.a. fram mikilvægi þess að framhaldsskólarnir fái tækifæri til að nýta sérstöðu sína hvað varðar þekkingu, færni og hæfni á mismunandi sviðum. Í framhaldsskólum er að finna góða þekkingu á þörfum þeirra sem skólarnir þjóna, bæði nemenda, atvinnulífs, menntastofnana og annarra, og það er nauðsynlegt að nýta þá þekkingu við innleiðingu nýrra laga um framhaldsskóla.

Frá árinu 2007 hefur ráðuneytið unnið að þróun hæfni- og viðmiðaramma um námslok á framhaldsskólastigi. Viðmiðaramminn og sniðmát að námsbrautum eru verkfæri sem nýtast eiga skólum við námskrárgerð og skipulag námsbrauta.

Í síðustu viku var sett upp vefsíða um námskrárgerð á vefnum [www.nymenntastefna.is](#) og kallast hann Námskrárgerð í framhaldsskólum. Vefsíðan er sett upp til að hagsmunaaðilar geti fylgst með þróun þess umhverfis sem dreifstýrð námskrárgerð kallar á.

Bæði verða almennar upplýsingar sem varða hugmyndafræði

og þróun en einnig verða birt gögn sem nýst geta skólum í þeirri þróunarvinnu sem ný vinnubrögð og breyttar áherslur kalla á. Til þess að upplýsingar um stöðu þróunarvinnunnar berist hratt út til skólasamfélagsins eru gögn birt á vefnum sem enn eru á vinnslustigi.

Námskrárgerð í framhaldsskólum

Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskóla heldur á þessu vormisseri námskeið fyrir framhaldsskóla landsins. Að þessu sinni er námskeiðið ætlað þeim sem leiða vinnuna við námskrárgerðina í skólunum, en ætlunin er að fleiri námskeið fylgi í kjölfarið.

Markmið námskeiðsins er að:

- styðja við það starf sem fer fram innan skólanna í kjölfar nýrra laga um framhaldsskóla
- veita upplýsingar sem nýtast við þróun nýs verklags við gerð námsbrauta og námskrár
- skapa vettvang fyrir samræður

Námskeiðið er vel sótt, um 70 þátttakendur frá flestum framhaldsskólum landsins. Upplýsingar um námskeiðið, námskeiðsgögn og fyrirlestra má finna í [nymenntastefna.is](#).

Málþing um rafræn einelti

SAFT vakningarverkefni um jákvæða og örugga netnotkun barna og unglinga á netinu og tengdum miðlum, hefur á síðustu árum staðið fyrir viðburðum á alþjóðlega netöryggisdaginn. Í ár standa [menntamálaráðuneyti](#), [Heimili og skóli](#), [SAFT](#), [Síminn](#), [Microsoft á Íslandi](#) og [Lýðheilsustöð](#) sameiginlega að málþingi um rafrænt einelti 10. febrúar nk.

Málþingið verður haldið í Skriðu, Háskóla

Íslands, við Stakkahlíð, kl. 14.30 – 16.15. Sérstök athygli er vakin á því að málþingið verður einnig sent út á vefnum, vefslóð fyrir netútsendingu er <http://sjonvarp.khi.is/>. Nánari upplýsingar á [vef ráðuneytisins](#).

Dagur leikskólans 6. febrúar 2009

Dagur leikskólans – 6. febrúar er nú haldinn í annað sinn. Dagurinn er samstarfsverkefni Félags leikskólakennara,

menntamálaráðuneytis, Sambands íslenskra sveitarfélaga og Heimili og skóla en þann dag árið 1950 stofnuðu frumkvöðlar leikskólakennara fyrstu samtök sín. Markmiðið með verkefninu er að beina sjónum að leikskólanum og því gróskumikla og mikilvæga starfi sem þar fer fram, hvetja til aukinnar umræðu um leikskólastarf og gera það sýnilegra. Nánari upplýsingar eru á [vef ráðuneytisins](#).

Lífshlaupið 2009 hófst 4. febrúar



Lífshlaupið er hafið

Lífshlaupið var formlega ræst miðvikudaginn 4. febrúar í íþróttamiðstöðinni í Mosfellsbæ. Lífshlaupið var síðan ræst á táknrænan hátt með boðhlaupi á milli liða menntamála og heilbrigðis með ráðherrana í fararbroddi sem sýndu gott fordæmi undir stjórn Andrésar Guðmundssonar.

Lífshlaupið hefur ásamt öðrum almenningsíþróttaverkefnum sannað gildi sitt í samfélaginu enda taka þúsundir Íslendinga þátt. Sem einn af samstarfsaðilum verkefnisins vill menntamálaráðuneytið hvetja bæði fyrirtæki og skóla til þátttöku. Allar upplýsingar um verkefnið og skráningu er að finna á vefnum [www.lifshlaupid.is](#) og hjá Jónu Hildi Bjarnadóttur, sviðsstjóra almenningsíþróttasviðs ÍSÍ í síma: 514-4000 eða á jona@isi.is.

Enn er hægt að skrá lið til þátttöku inn á vef Lífshlaupsins.

